

Nefndarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
2018-03-12

Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja), 148. löggjafarþing - þingskjal 183 - 114. mál

Við hvetjum Alþingismenn að hafa í huga að þó eitthvað sé réttlætt með vísun til hefðar, trúar eða trúartexta, þá er það ekki sérstök rök fyrir því að háttsemin sé lögleg ef góðar ástæður hafa komið fram til að banna hana, til dæmis ef hún er skaðleg og/eða stangast á við réttindi annara.

Sem dæmi má benda á að í ýmsum þekktum trúarritum er sagt að grýtingar og aflimanir séu refsingar sem beita eigi en sú háttsemi myndi brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrár Íslands um dauðarefsingar og ómannúðlegar refsingar.

Fullyrðingar um að þetta sé á einhvern hátt brot á trúfrelsi foreldra á ekki við rök að styðjast þar sem að trúfrelsi felur ekki í sér rétt til þess að brjóta gegn heilsu, rétti eða frelsi annarra (samanber 9. greinar Mannréttindasáttmála Evrópu).

Fullyrðingar um að trúarbrögð sem boða ólöglega háttsemi verði ólögleg eða að áhangendur þeirra trúarbragða bannaðir hér á landi eiga ekki við rök að styðjast. Einungis er verið að leggja bann við þá háttsemi sem löggjafinn telur valda öðrum einstaklingi skaða.

Sem dæmi þá kenna vottar Jehóva að blóðgjafir séu óheimilar. Þrátt fyrir það er læknum skylt að gefa börnum votta blóð við vissar kringumstæður. Trúarbrögð þeirra eru samt ekki ólögleg og vottar Jehóva eru hvorki bannaðir né óvelkomnir hér á landi.

fyrir hönd Vantrúar,
Sindri Guðjónsson, formaður Vantrúar